

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. mars 1998.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Fanney Óskarsdóttir.

16. mars 1998

Nr. 182

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi heimasvæðis Garðyrkjuskóla ríkisins, Reykjum, Ölfushreppi.

Hreppsnefnd Ölfushrepps hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi heimasvæðis Garðyrkjuskóla ríkisins, Reykjum, Ölfushreppi.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Svæðið sem um ræðir afmarkast að húsagötu í norðri, lóðinni Brúarhvammi í vestri, Varmá í suðri og röð grenitrjáa við lóðarmörk Breiðahvamms í austri.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Byggingar- og skipulagsfulltrúi Ölfushrepps, Þorlákshöfn, 16. mars 1998.

Sigurður Jónsson.

16. mars 1998

Nr. 183

AUGLÝSING

um deiliskipulag Ölfusborga, Ölfushreppi.

Hreppsnefnd Ölfushrepps hefur samþykkt deiliskipulag Ölfusborga, Ölfushreppi.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Byggingar- og skipulagsfulltrúi Ölfushrepps, Þorlákshöfn, 16. mars 1998.

Sigurður Jónsson.